



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24
IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Sveitarfélagið Ölfus
Sigurður Jónsson,
skipulagsfulltrúi
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn

Reykjavík, 12. desember 2007

Tilvísun: UST20071100121/ksj

Ölfus Aðalskipulag 2002-2014

Breyting á aðalskipulagi, iðnaðarsvæði Hellisheiði og tengdar framkvæmdir

Vísað er til erindis frá skipulags- og byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss sem barst þann 21.11. síðastliðinn þar sem óskað er eftir umsögn um breytingartillögu á aðalskipulagi Ölfuss 2002-2014. Í erindinu kemur fram að vinna við breytingarnar sé í gangi og áskilur Umhverfisstofnun sér rétt til að koma aftur að málinu þegar breytingin verður auglýst. Með erindinu barst uppdráttur af breytingartillögunni ásamt greinargerð og umhverfisskýrslu sem eru í vinnslu. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Ölfuss 2002-2014 snýr að iðnaðarsvæði á Hellisheiði, verndarsvæði vegna neysluvatns, hverfisverndarsvæði og breytingum á Suðurlandsvegi og rafveitu.

Greinargerð með tillögu að breyttu aðalskipulagi 2002-2014

Í greinargerð með tillögu að breyttu aðalskipulagi Ölfuss 2002-2014 eru skilgreind framkvæmdasvæði alls 320 hektarar sem iðnaðarsvæði Hverahlíðarvirkjunar og einnig framkvæmdasvæði Bitruvirkjunar sem er 285 hektarar og framkvæmdir tilteknar. Einnig kemur fram að hverfisverndarsvæði **H3 Meitlar-Eldborgarhraun-Skálafell** sem hingað til hefur verið skilgreint sem "Útivistarsvæði milli Suðurlandsveggar, Þrengslavegar og Hjallatorfu" verður minnkað um sem svarar Hverahlíðarvirkjun eða 320 hektara. Þau ákvæði sem giltu fyrir svæðið í aðalskipulaginu falla út við breytinguna, en þau ákvæði fjalla um hefðbundnar nytjar, framræslu votlendis, að lágmarka skuli byggingaframkvæmdir og skráningu fornleifa. Í greinargerð er einnig fjallað um vatnsvernd og eru það vatnsverndarsvæði vatnsbóla í Hveragerði og Ölfus sem um ræðir. Vatnsverndarsvæði vatnsbóla Orkuveitu Reykjavíkur við Engidalskvísl minnka um 2210 hektara. Einnig minnkar vatnsverndarsvæði kringum iðnaðarsvæði í Hverahlíð um 1950 hektara.

Umhverfisskýrsla með tillögu að breyttu aðalskipulagi Ölfuss 2002-2014

Ferðamannaiðnaður

Í umhverfisskýrslu kemur fram að virkjanir á Hellisheiði, Bitruvirkjun og Hverahlíðarvirkjun munu geta haft neikvæð áhrif á framtíðarmöguleika ferðaþjónustu á svæðinu og aðgengi að útivistarsvæðum breyst. Fram kemur að gönguleiðum og reiðleiðum mun fækka, vegna skörunar við iðnaðarstarfsemi. Umhverfisstofnun minnir á að allur frágangur og allar framkæmdir verði að miðast við að lágmarka röskun á svæðinu hvað ásýnd og landslag varðar til að útivistargildi rýrni sem minnst.

Samgöngur

Umferð mun aukast á framkvæmdatímanum inn á virkjanasvæðin. Einnig stendur til að tvöfalda Suðurlandsveg frá Hamragilsvegi að Þorlákshafnarvegi. Fram kemur að endanlegar tengingar virkjanavega og Suðurlandsvegur komi ekki fram fyrr en á deiliskipulagi svæðanna.

Vatnsvernd

Í frummatsskýrslu vegna Bitruvirkjunar kom fram að skýringar á breyttum vatnsverndarsvæðum og rök fyrir því að hægt væri að aflétta vatnsvernd myndu koma í umhverfisskýrslu með tillögu að breyttu aðalskipulagi Ölfuss 2002-2014. en þar segir *“Í umhverfisskýrslu sem mun fylgja með breyttu aðalskipulagi er gerð grein fyrir forsendum sem liggja til grundvallar þess að vatnsvernd verður aflétt á framkvæmdasvæðinu.”*

Í ofangreindri aðalskipulagsbreytingu á iðnaðarsvæði á Hellisheiði koma fram breytingar á vatnsvernd, í breytingunum felst að vatnsverndarsvæði II, grunnsvæði vatnsbóla minnkar. Einnig dregst vatnsverndarsvæði III saman. Í greinargerð sem fylgir erindinu segir: *“Samkvæmt aðalskipulagi Ölfuss 2002-2014 nær vatnsvernd yfir stóran hluta svæðisins sem aðalskipulagsbreytingin nær til. Umrædd virkjunarsvæði er á landsvæði sem er flokkað sem vatnsverndarsvæði II og III eða grunnsvæði og fjarsvæði vatnsbóla. Um er að ræða verndarsvæði vatnsbóla í Ölfusi og Hveragerði. Þar sem ekki samræmist að hafa iðnaðarsvæði á vatnsverndarsvæði þá er lagt til að vatnsvernd verði aflétt á 2210 hektara svæði í kringum iðnaðarsvæði við Bitruvirkjun. Um er að ræða breytingu á afmörkum á grunnsvæði vatnsbóla Orkuveitu Reykjavíkur við Engidalskvísl. Einnig er vatnsvernd aflétt á 1950 hektara svæði í kringum iðnaðarsvæði við Hverahlíð. Um er að ræða breytingu á fjarsvæði sem skilgreint er sem Hengill-Svínahraun-Mosfellsheiði í aðalskipulagi Ölfus 2002-2014.”*

Umhverfisstofnun telur að vatnsverndarsvæðin hafi verið skilgreind til að vernda vatnsból og setur spurningamerki við það að hægt sé að aflétta vatnsvernd og breyta grunnsvæðum vatnsbóla í iðnaðarsvæði án mótvægisáðgerða. Umhverfisstofnun telur að frekari útskýringar þurfi að koma til í endanlegri umhverfisskýrslu.

Í umhverfisskýrslunni er fylgir erindinu kemur fram að: *“Vatnsöflun fyrir borvatnsveitu og frárennsli frá borholum við borun og prófanir geta haft tímabundin áhrif á vatnafar. Einnig getur vatnsöflun fyrir virkjunina og neyðarlosun affallsvatns í svelgholur á virkjanasvæðinu haft áhrif á grunnvatn eftir að vinnsla hefst í Bitru- og hverahlíðarvirkjun.”* einnig kemur fram *“Hugsanleg áhrif á jarðvarmavirkjunar á vatnafar er efnamengun sem bærast í grunnvatnsstrauma með affallsvatni.”* Og nokkru síðar í kafla um vatn í umhverfisskýrslu kemur fram að *“Afrennsli frá borholum gæti haft áhrif á vatnafar á svæðinu en það ræðst af vatnsmagni í þeim farvegum sem afrennslisvatni verði veitt.”*

Þarna kemur fram að vatnafar geti orðið fyrir áhrifum, en engar mótvægisáðgerðir eru nefndar.

Niðurstaðan í ofangreindri umhverfisskýrslu hvað þennan þátt varðar er að áhrif vegna breytinga á aðalskipulagi á vatnsvernd eru talin óveruleg. Sú niðurstaða er ekki í samræmi við aðrar upplýsingar samanber ofangreint. Umhverfisstofnun telur að skýra þurfi út hvernig hægt er að minnka vatnsverndarsvæði svo mikið, og rök þurfi fyrir því að ekki þurfi mótvægisáðgerðir vegna hættu á mengun grunnvatns sem augljóslega er til staðar sbr. umfjöllun í umhverfisskýrslu.

Loft

Fram kemur í umhverfisskýrslunni að almennt sé talið að jarðhitavinnsla auki losun á brennisteinsvetni samanborið við grunnástand svæðisins, og að talið sé víst að tilkoma Bitru- og Hverahlíðarvirkjunar muni auka þá losun og þar af leiðandi verði meiri hveralykt í umhverfinu. Umhverfisstofnun hefur í umsögn sinni um frummatsskýrslu vegna framkvæmdanna undir Hverahlíðum og við Bitru gert úttekt á loftgæðum og væntanlegri loftmengun frá virkjununum, og bent á þörf á vöktun og mögulegum mótvægisáðgerðum. Umhverfisstofnun bendir á að samlegðaráhrif allra virkjana á Hellisheiði þegar Bitra og Hverahlíðarvirkjun hafa tekið til starfa er fimmföld sú losun þess er verður í íslenskri náttúru.


Niðurstaða

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að tillaga að breyttu aðalskipulagi á að liggja fyrir þegar fjallað er um frummatsskýrslu framkvæmda, sérstaklega þegar í frummatsskýrslu er vísað í upplýsingar sem koma eigi fram í umhverfismati með breyttu aðalskipulagi. Með því að fara fyrst yfir breytingu á aðalskipulagi fæst betri yfirsýn meðal annars yfir heildaráhrif framkvæmda á landslag.

Mestu umhverfisáhrif ofangreindrar aðalskipulagstillögu eru að vinsælum útivistar- og ferðamannasvæðum er raskað, svæði með mikið útivistargildi fer undir orkuver og fylgframkvæmdir þeirra, svæði er áður voru skilgreind sem vatnsverndarsvæði verða iðnaðarsvæði án þess að áhrifa þess á vatnsbólín séu metin, losun á brennisteinsvetni út í andrúmsloftið eykst til muna og umferð vélknúinna farartækja eykst. Einnig kemur fram að vatnafar geti orðið fyrir neikvæðum áhrifum.


Umhverfisstofnun tekur undir það sem fram kemur í umhverfisskýrslu að forðast skuli röskun einstæðra jarðmyndana og náttúruminja til að sporna við neikvæðum áhrifum á landslag. Einnig minnir Umhverfisstofnun á mikilvægi þess að vandað sé til allra mannvirkja og framkvæmda til að sporna við röskun og neikvæðum áhrifum á ásýnd svæðisins og rýrnun útivistargildi þess. Í frummatsskýrslu vegna Bitruvirkjunar kom fram að skýringar á breyttum vatnsverndarsvæðum og rök fyrir því að hægt væri að aflétta vatnsvernd myndu koma fram í umhverfisskýrslu með tillögu að breyttu aðalskipulagi Ölfuss 2002-2014. Þær skýringar eru ekki í ofangreindum gögnum og því ekki hægt að meta áhrif skerðingarinnar.

Virðingarfyllst



Kristín S. Jónsdóttir

Sérfræðingur



Helgi Jónsson

Forstöðumaður